

Kjósarhreppi, til þeirra mentunar, er hugur þeirra og hæfileikar stefna að. Um þann styrk þarf að sækja og dæmir sóknarnefnd, ásamt sóknarpresti um. hvort umsækjandi er styrksins verður og ákveður styrksupphæðina eftir atvikum. 50  
12. júní

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Valdastöðum 1. janúar 1920.

*Guðm. Sveinbjarnarson,      Katrín Jakobsdóttir,      Þorgils Guðmundsson,*  
*Steini Guðmundsson,      Þorbergur Guðmundsson,      Benidikt Einarsson,*  
*Halldóra Guðmundsdóttir,      Sveinbjörn Guðmundsson.*

**Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir »Tryggvasjóð«, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 12. júní 1920.

Skipulagsskráin er þannig:

# Skipulagsskrá

51  
12. júní

**fyrir »Tryggvasjóð«,**

er Tryggvi Gunnarsson fyrirv. bankastjóri gaf Dýraverndunarfjelagi Íslands með arfleiðsluskrá dags. 17. apríl 1917.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Tryggvasjóður.

2. gr.

Stofnfje sjóðsins er að upphæð kr. 51533,27 — fimmtíu og eitt þúsund fimm hundruð þrjátíu og þrjár krónur tuttugu og sjö aurar, samkvæmt skiftagjörð í dánarbúi gefanda, dags. 30. des. 1919 og áritun skiftaráðanda, dags. 11. mars 1920, á útskrift af skiftunum og er fólgid í þessum eignum:

1. Skuldabrfef Emil Rokstads	...	kr. 3000 00
2. Hlutabrfef í h.f. Lögrjetta	...	— 300 00
3. Hlutabrfef í h.f. Bræðratungu	...	— 500 00
4. Tvö skuldabrfef Reykjavíkur kaupstaðar nr. 54 og 55, hvort að upphæð 100 kr.	...	— 200 00
5. Veðdeildarbrfef Landsbankans:		
a. 2. fl. Ltr. B nr. 198	...	kr. 500 00
b. 3. fl. Ltr. C nr. 1018	...	— 100 00

<b>51</b>	c. 3. fl. Ltr. C nr. 1037	... ..	kr. 100 00
12. júní	d. 4. fl. Ltr. A nr. 396	... ..	— 1000 00
			kr. 1700 00 á 90% kr. 1530 00
6.	Peningaskápur	... ..	— 20 00
7.	Skuldabryf Dýraverndunarfélags Íslands, dags. 31. des. 1919	... ..	— 21513 73
8.	Innstæða í innlánsviðskiftabók við Íslandsbanka nr. 13090	... ..	— 24455 64
9.	Peningar	... ..	— 13 90
			kr. 51533 27

## 3. gr.

Fyrstu tuttugu árin frá sjóðstofnun, skal leggja að minsta kosti hálfa vexti við höfuðstólinn og má aldrei skerða höfuðstól eins og hann verður þá eða síðar. En hálfum vöxtum í tjeð 20 ár og síðan öllum vöxtum sjóðsins getur stjórn Dýraverndunarfélags Íslands varið til verðlauna og annars, er hún telur þarft samkvæmt tilgangi félagsins.

Noti félagsstjórnin ekki alla vextina eitthvert ár, legst það, sem afgangur verður, til höfuðstólsins. Sama gildir um gjafir og annað, sem sjóðnum kann að hlotnast.

## 4. gr.

Sjóðurinn stendur undir stjórn Dýraverndunarfélags Íslands, sem geymir sjóðinn og ávaxtar hann. Hún semur árlega reikning sjóðsins og leggur hann fram endurskoðaðan á aðalfundi félagsins ár hvert ásamt fylgiskjólum, en fundurinn úrskurðar reikninginn eftir að svarað hefir verið athugasemdum endurskoðunarmanna, ef nokkrar eru.

## 5. gr.

Endurskoðendur eru hinir sömu og endurskoðendur félagsreikninganna.

## 6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Fyrsta reikningsár hans er árið 1920.

## 7. gr.

Birta skal hvern ársreikning í B-deild stjórnartíðindanna og í því blaði, sem flytur stjórnarauglýsingar, svo og í málagnni Dýraverndunarfélags Íslands. Birting skal fara fram innan 3ja mánaða eftir lok reikningsársins.

Reykjavík, 16. mars 1920.

F. h. »Dýraverndunarfélags Íslands«,

*Jón Þórarinnsson*

p. t. formaður